



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 6. október 2025
25092834/005.05 GEF

Efni: Fyrirspurn bæjarfulltrúa varðandi upplýsingar um aðgengi fatlaðs fólks við framkvæmdir á Fannborgarreit

Á 3228. fundi bæjaráðs var fyrirspurn bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vina Kópavogs um aðgengi fatlaðs fólks við framkvæmdir á Fannborgareit vísað til umsagnar undirritaðrar. Eftirfarandi eru svör við framkomnum fyrirspurnum.

Erindi ÖBÍ hefur verið svarað með bréfi, dags. 6. október 2025.

Hjálögð er kynning Öruggr verkfræðistofu þar sem farið er yfir aðkomuáætlun og fjarlægðir bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Eins og hefur áður komið fram verður aðkomuáætlunin í stöðugri endurskoðun og má því gera ráð fyrir að hún taki breytingum á milli framkvæmdafasa, ef séð er fram á að hægt sé að útfæra aðgengismál með betri hætti. Núverandi aðkomuáætlun sýnir hins vegar fram á möguleika til að útfæra aðgengi að bílastæðum hreyfihamlaðra og bílastæðakröfur með sambærilegum hætti og aðstæður á svæðinu gera nú ráð fyrir.

Hvað varðar ábendingar og athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir hefur samskiptahópur verkefnisins, skv. uppbyggingarsamkomulagi, verið skipaður og hafið undirbúning að skipulagi komandi verkefna. Áður en byggingarleyfi eru veitt og framkvæmdir hefjast verður sett upplýsingasiða í loftið þar sem verður að finna upplýsingar um sögu miðbæjarins, uppbygginguna, tímalínur og aðrar upplýsingar um framkvæmdirnar. Þá verða einnig sett inn svör við algengum spurningum og upplýsingar um samskiptaleiðir íbúa og hagaðila við Kópavogsbæ og framkvæmdaðila. Verður lagður mikill metnaður í að halda almenningi vel upplýstum á framkvæmdartíma.

Almennt eru byggingarleyfi ekki grenndarkynnt eða auglýst. Byggingaráform hafa nú þegar fengið umfjöllun í skipulags- og umhverfisráði sem og í bæjarstjórn. Byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráform/umsókn um byggingarleyfi á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa sem er síðan lögð fyrir bæjarstjórn. Ekki er gert ráð fyrir að almennar athugasemdir muni berast varðandi afgreiðslu byggingarleyfisins. Starfsmenn Kópavogsbæjar gæta að því að þeim erindum sem hafa borist vegna framkvæmdanna sé svarað og er enginn breyting þar á. Ef kærur berast vegna samþykkis byggingaráforma og útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa verður bæjarráð upplýst um það. Kærum verður svarað með hefðbundnum hætti og bæjarráð einnig upplýst um niðurstöðu kærumála.

Hvað varðar vinnu samskiptahópsins þá er ekkert því til fyrirstöðu að kynna reglulega stöðu mála og upplýsa nefndir og ráð þar um.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir

Bæjarstjóri

